

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2020  
UST202001-054/S.A.J.  
08.14.00

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Ný flæðigryfja við Grundartanga**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 30. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

#### **Framkvæmdarlýsing**

Fyrirhugað er að taka í notkun nýja flæðigryfju beint fyrir austan núverandi flæðigryfju á Grundartanga. Norðurál Grundartanga ehf. og Elkem Íslandi ehf. hafa notað núverandi flæðigryfju sameiginlega og munu nýta tilvonandi flæðigryfju til helminga. Núverandi flæðigryfja er 30.000 m<sup>2</sup> að flatamáli en nýja gryfjan er 4.700 m<sup>2</sup>.

#### **Framlögð gögn**


Matskyldufyrirspunin sjálf inniheldur ekki mikið af upplýsingum. Mest fer fyrir áætlunum fyrirtækjanna um minnkun á magni úrgangs er þurfi að fara í flæðigryfju. Að mati Umhverfisstofnunar hefði gjarnan mátt gera grein fyrir mögulegri landnotkun í framtíðinni á þeim svæðum sem nýtt hafa verið sem flæðigryfjur að förgun lokinni þegar flúor og önnur eiturefni hafa skolast burt.


#### **Niðurstaða**

Hér er um að ræða hlutfallslega litla viðbót við förgunarstaði sem nýttir hafa verið um árabil. Vöktun hefur ekki leitt í ljós mengun vegna þessarar starfsemi. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd stækkun muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

  
Sverrir Áðalsteinn Jónsson  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur